



Fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga þriðjudag 7. ágúst 2012 kl 14.30. Fundurinn var haldinn með aðstoð síma frá Bíldudal, Hólmavík, Ísafirði og Súðavík.

Mætt voru Albertína F Elíasdóttir (í síma), Friðgerður Matthíasdóttir (í síma), Jón Jónsson (í síma), Ómar Már Jónsson (í síma) og Sigurður Pétursson (í síma) og Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri sem einnig ritaði fundargerð. Gengið til dagskrár

1. Fundargerð 30. júlí 2012.

Fundargerð var send út í tölvupósti og samþykkt. Stjórn staðfestir fundargerð.

2. Fundur 8. ágúst 2012. Sóknaráætlun 20/20 og sóknaráætlanir landshluta. Forsaga og staða máls í dag s.m.k. minnisblaði ríkisstjórnar 22. júní 2012.

Í framhaldi af sameiginlegum fundi stjórna FV og atvest þann 25. júlí s.l. var málið kynnt stjórnvöldum. Varð að niðurstöðu þann 2. ágúst s.l., að FV boðaði til fundar með fulltrúum innanríkisráðuneytis og forsætisráðuneytis með formönnum, varaformönnum og eftir tilvikum framkvæmdastjórum þeirra stofnana sem samþykkt minnisblað ríkisstjórnar mun hafa áhrif á um komandi áramót, það er, Fjórðungssamband Vestfirðinga, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Háskólasetur Vestfjarða, Markaðsstofa Vestfjarða, Menningaráð Vestfjarða og Vaxtarsamningur Vestfjarða. Minnisblaði ríkisstjórnar og efni því til stuðnings var sent út að hálfu stýrihóps um sóknaráætlunar landshluta, til allra þessara aðila þann 8. júlí s.l.

Fundurinn verður haldinn miðvikudag 8. ágúst, á Ísafirði, að hálfu ráðuneyta mæta, Héðinn Unnsteinsson, sérfræðingur, forsætisráðuneyti, Hermann Sæmundsson, skrifstofustjóri og Stefanía Traustadóttir, sérfræðingur í innanríkisráðuneyti. Rætt um fyrirkomulag og efni fundarins.

3. Stoðkerfið atvinnu og byggðar

Framkvæmdastjóri kynnti að ekki hefði tekist að ljúka í tíma gerð minnisblaðs samkvæmt samþykkt stjórnarfundar 30. júlí s.l., en hefði sent út drög að efni minnisblaðs sem væru til umræðu á fundinum. Framkvæmdastjóri kynnti einnig bréf framkvæmdastjóra atvest frá 31. júlí 2012, er varðar samninga atvest við FV um áframhaldandi atvinnuþróunarstarfsemi.

Rætt um efni minnisblaðsins og stjórnarmenn kynntu sjónarmið sín til málsins. Niðurstaða var að efni málsins þarfnadist nánari umræðu m.a. yrði að skoða málið í ljósi umræðu fundar á morgun 8. ágúst s.m.b. 2. liðar hér að framan. Samþykkt að boða til nýs fundar um málið þann 16. ágúst nk..

4. Fundargerð samgöngunefndar FV frá 1. ágúst 2012.

Fjórðungssamband Vestfirðinga



Lögð fram fundargerð samgöngunefndar FV frá 1. ágúst 2012.

Formaður samgöngunefndar Sigurður Pétursson, kynnti efni fundargerðar þar á meðal samþykkt nefndarinnar um framlagða tillögu Vegagerðar að matsáætlun, Vestfjarðavegar 60, vegkafla Melanes-Bjarkarlundur.

Stjórn staðfestir fundargerð samgöngunefndar og felur framkvæmdastjóra að kynna samþykkt nefndarinnar fyrir Vegagerð.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 16.00